

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 51/2018**

2020/EES/6/17

frá 23. mars 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB 2017/2102 frá 15. nóvember 2017 um breytingu á tilskipun 2011/65/ESB um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði <sup>(1)</sup>).
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 L 2102:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2102 frá 15. nóvember 2017 (Stjtíð. ESB L 305, 21.11.2017, bls. 8).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) 2017/2102, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 305, 21.11.2017, bls. 8.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.